

D ó m s o r ð :

Viðurkennt er, að 1. mgr. 11. gr. kjarasamnings milli Félags menntaskólakennara og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs frá 15. maí 1974 gildir um stundakennara, sem í tveimur menntaskólum eða fleiri inna af hendi kennslu, sem samanlagt svarar til a. m. k. hálftrar kennsluskyldu kennara í fullu starfi.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði Félagi menntaskólakennara kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. nóvember 1975.

Nr. 5/1975. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f. h.**

Braga Guðmundssonar,

Gissurar Inga Geirssonar,

Guðgeirs Ólasonar,

Guðmars Ragnarssonar,

Kristófers Þorvarðarsonar og

Magnúsar Guðmundssonar

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hdl.).

D ó m a r a r :

Guðmundur Jónsson, Sigurður Lindal, Bjarni K. Bjarnason,
Bjarni Sigurðsson og Hafsteinn Baldvinsson.

Agreiningur um réttarstöðu landpósta.

D ó m u r .

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 12. maí 1975.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja

fyrir hönd sjö póstdreifingarmanna á Suðurlandi, þeirra Braga Guðmundssonar, Hátúni, Ölfusi, Gissurar Inga Geirssonar, Víðivöllum 17, Selfossi, Guðgeirs Ólasonar, Heiðvangi 9, Hellu, Guðmars Ragnarssonar, Meiri-Tungu, Holtahreppi, Kristófers Þorvarðarsonar, Hveragerði, og Magnúsar Guðmundssonar, nú til heimilis að Kirkjuvegi 15, Selfossi, og Ólafs A. Guðmundssonar, Þrúðvangi 39, Hellu.

Undir rekstri málsins hætti Ólafur A. Guðmundsson starfi póstdreifingarmanns, og hefur hann því látið af aðild máls þessa.

Stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að lög nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna taki til framangreindra póstdreifingarmanna.
2. Að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir eru þeir, að póstmálastjórnin hefur á undanfórnum árum, að undangengnum auglýsingum, gert samninga við ýmsa aðilja um dreifingu pósts víðsvegar um landið, m. a. við hvern sóknaraðila máls þessa um dreifingu pósts í sveitum á Suðurlandi. Er í samningunum við sóknaraðilja samið um flutning í ákveðnar sveitir, hversu oft skuli flutt, endurgjald fyrir flutninginn og einnig er ákvæði um ábyrgð sóknaraðilja á pósti, sem þeir flytja. Til skýringar þykir rétt að rekja hér á eftir ákvæði eins þessara samninga, samninginn við Magnús Guðmundsson.

„SAMNINGUR UM PÓSTFERÐIR

milli póst- og símamálastjórnar og hr. Magnúsar Guðmundssonar, Dalbæ, Gaulverjabæjarhreppi.

Póstleið: Frá Selfossi til allra bæja í Gnúpverjahlr., Gaulverjabæjarhlr., Stokkseyrarhlr. og Sandvíkurhreppi, samkv. meðfylgjandi lista.

Fjöldi km fram og til baka: 400 (+ 10 = 410).

1. Ferðafjöldi og skil á pósti:

- A. Allur póstur skal fluttur þrisvar sinnum í viku eftir nánari ferðaáætlun, er póst- og símamálastjórnin setur á hverjum tíma í samráði við póst- og símastöðina á Selfossi og póstflytjanda. Skal pósturinn afgreiddur til allra bæja á flutningasvæðinu.
- B. Ábyrgðarbréf skulu afhent gegn kvittun viðtakenda eða umboðsmanna þeirra á sömu stöðum og almennur póstur.
- C. Bökkjar (aðrir en póstkröfubökkjar) skulu fluttir og þeim skilað á sama hátt og ábyrgðarbréfum.
- D. Póstkröfusingar og ... skulu fluttar á sama hátt og ábyrgðarbréf og þær innleystar á sömu stöðum. Póstflytjandi gerir skil á slíkum greiðslum strax að lokinni ferð.
- E. Póstávísanir og giróseðlar skulu flutt á sama hátt og ábyrgðarbréf. Póstflytjandi skal gera skil á innborguðum peningum að lokinni hverri ferð.
- F. Sérstök ákvæði: Jóladað, nýársdað, föstudaðinn langa, 1. maí og 17. júní falla póstferðir niður.

2. Áhöld og sundurlestur:

Póst- og símamálastjórnin leggur til sérstakar töskur til flutnings ábyrgðarbréfa og poka til flutnings bögglaendinga. Póst- og símamálastjórnin leggur til póstkvittunarbækur og skal póst- og símastöð á Selfossi færa í þær allar ábyrgðarsendingar, bögglaendingar, póstkröfusingar og ... en póstflytjandi sjá um, að viðtakendur sendinganna eða umboðsmenn þeirra kvitti í bókina fyrir móttöku sendinganna. Póst- og símastöðin á Selfossi sér um sundurlestur póstsins í töskuhólf.

3. Greiðsla fyrir póstflutninginn:

Póst- og símamálastjórnin greiðir fyrir póstflutninginn samkvæmt gildandi taxa á hverjum tíma, sem nú er sem hér segir: kr. 25 pr. km póstleiðar eða kr. 10.000 fyrir hverja ferð (kr. 30.000 á viku). Yfir mánuðina jan., febr., mars og desember ár hvert greiðist vetrartaxti kr. 30 pr. km eða kr. 12.000 fyrir hverja ferð (kr. 36.000 á viku).

Orlofsgreiðsla greiðist á helming greiðslunnar.

4. Ábyrgð póstflytjanda:

Póstflytjandi ber ábyrgð á öllum póstflutningi meðan hann er í hans vörslu. Ber honum að gæta póstsendinga mjög vandlega, að þær glatist ekki eða skemmist og ber póstflytjandi ábyrgð gagnvart póst- og símamálastjórninni á öllu því tjóni, er orsakast kann af óreglu, vanrækslu eða yfirsjónum af hans hálfu eða aðstoðarmanna hans.

5. Tímabil og uppsagnarákvæði:

Samningur þessi er gerður í fjórum eintökum, heldur póst- og símamálastjórnin tveim eintökum, póst- og símastöðin á Selfossi einu eintaki og póstflytjandi einu.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 1975 og er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með þriggja mánaða fyrirvara“.

Þá fylgja samningnum skrár um viðkomustaði á póstleiðum VI og VIII. Samningar við aðra sóknaraðilja eru hliðstæðir, en greiðsla orlofs er í samningunum ýmist miðuð við tiltekna fjárhæð eða helming þeirrar greiðslu, sem hver samningsaðili fær fyrir flutninginn. Ekki er gjald fyrir hvern kílómetra það sama í öllum samningunum, enda eru þeir gerðir á árunum 1973 og 1974 og þeim ýmist ætlað að gilda frá 1. janúar 1974 eða 1. janúar 1975. Eru þeir allir uppsegjanlegir af hálfu beggja aðilja með þriggja mánaða fyrirvara. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til viðurkenningar á því, að lög nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna taki til sóknaraðilja, en stefndi hefur hafnað þeirri kröfu.

Krafa stefnanda er byggð á því, að samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1973 taki lögin til allra starfsmanna, sem séu í þjónustu ríkisins og hafi föst laun, enda verði starf þeirra talið aðalstarf. Í 2. mgr. 1. gr. séu taldir þeir, sem lögin taki ekki til, og falli sóknaraðiljar utan þeirra undantekningarákvæða. Póstþjónustan er einn þáttur stjórnsýslunnar og óheimilt að fela einkaaðilum meðferð hennar. Því hljóti þeir, sem að pósthjónustu vinna, þar á meðal sóknaraðiljar, að vera opinberir starfsmenn. Sóknaraðiljar séu ráðnir með sérstökum samningum, sem séu vinnusamningar. Starfið taki meira en 40 klst. á viku og sé því augljóslega aðalstarf samkvæmt lög-

um nr. 88/1971 um 40 stunda vinnuviku. Þá sé kaup sóknaraðilja ákveðið sem vikukaup. Einnig fái þeir greitt orlof og sé með því viðurkennt, að þeir séu launþegar, sbr. 1. gr. laga nr. 87/1971, en ekki verktakar. Krafa sóknaraðilja er og studd þeim rökum, að þeim tilgangi laga nr. 46/1973 að veita ríkisstarfsmönnum rétt til að semja um launakjör sín í stað þess að þau séu ákveðin með lögum, verði ekki náð, ef handhafar framkvæmdavalds geti undanskilið ákveðna hópa ríkisstarfsmanna framkvæmd laganna, svo sem gert sé með sóknaraðilja. Því beri að skýra ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 46/1973 rúmt, en telja jafnframt undantekningarákvæði 2. mgr. tæmandi.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að samningar þeir, sem pósthjórnin gerði við sóknaraðilja, séu ekki vinnusamningar, heldur verksamningar. Því verði að líta á sóknaraðilja sem sjálfstæða verktaka og geti þeir því með engu móti fallið undir skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 46/1973. Er sýknuástæða þessi studd þeim rökum, að dreifing pósts sé einn þáttur þeirrar þjónustu, sem löggjafarvaldið hafi falið framkvæmdavaldinu, samkvæmt 1. gr. póstlaga nr. 31/1940. Með ákvæðum 7. gr. laganna sé pósthjórninni veitt heimild til að sjá um, að pósthlutningur komist reglulega áfram, annað hvort með eigin fargögnum eða öðrum farkosti, eftir því sem hentast þyki. Enn fremur sé pósthjórninni veitt heimild til að greiða sanngjarna þóknun fyrir slíkan flutning. Sú stefna hafi verið mótuð af pósthjórninni, að pósthlutningum út um landsbyggðina skuli ekki haldið uppi af starfsmönnum pósthjórnarinnar og með tækjakosti hennar, heldur samið við aðra aðilja um pósthlutningana, er leggi þá jafnframt til eigin farartæki. Hafi síðan verið gerðir samningar við fjölda aðila um allt land, einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög um slíka pósthlutninga, og hafi um síðustu áramót verið í gildi 211 slíkir samningar. Samningar þessir hafi í öllum meginatriðum verið eins, þótt nokkur munur sé á þeim í einstökum atriðum, svo sem óhjákvæmilegt sé. Samkvæmt samningunum sé endurgjald fyrir flutningana fólgið í föstu einingarverði, þ. e. ákveðin fjárhæð fyrir hvern ekinn kílómetra. Falli pósthjórnin niður, sé ekki greitt fyrir hana, en

greitt fyrir ferðir, sem hafnar eru, en ekki er hægt að ljúka vegna ófærðar eða óveðurs. Greiðsla fari fram eftir árangri verksins, en sé ekki fyrirfram ákveðin tíma-, viku- eða mánaðarlaun, og skipti ekki máli, þótt í samningunum sé tilgreind sú hámarksfjárhæð, sem pósthjónnin kunni að þurfa að greiða á viku. Þá leggi viðsemjendur pósthjónnarinnar sjálfir til farartæki til flutninganna, en það sé veigamesti hluti þess búnaðar, sem nauðsynlegur sé til verksins. Þá séu viðsemjendur pósthjónnarinnar ekki skuldbundnir til að annast póstdreifinguna sjálfir, heldur sé þeim fullkomlega heimilt að fá aðra til að annast flutningana fyrir sig, þegar þeir kjósa eða ef þeir forfallast. Hafi nokkrir af sóknaraðiljum notfært sér það.

Samkvæmt 7. gr. póstlaga er pósthjónninni falið að sjá um að pósthlutningur komist reglulega áfram, annað hvort með farartækjum, sem hún á sjálf eða öðrum farkosti, eftir því sem hentast þykir. Samkvæmt 12. gr. laganna er pósthjónninni veitt heimild til að semja sérstaklega um greiðslur fyrir slíka flutninga. Verður því að telja, að pósthjónninni hafi verið heimilt að semja við sóknaraðilja um flutning og dreifingu á pósti. Um það er ekki ágreiningur, að sóknaraðiljar leggi sjálfir til farartæki til pósthlutninganna. Er ljóst af samningunum við sóknaraðilja, að gjald fyrir flutningana er ákveðið sem einingarverð fyrir hvern kílómetra póstleiðar, þótt á grundvelli vegalengda póstleiða og umsömdum ferðafjölda á viku sé unnt að reikna greiðslur á hverri viku. Samkvæmt samningunum við sóknaraðilja eru þeir ekki skuldbundnir til að annast pósthlutningana sjálfir, enda gert ráð fyrir því í samningunum, að þeir hafi aðstoðarmenn. Hefur því ekki verið mótmælt, að nokkrir sóknaraðilja hafi notfært sér þetta, m. a. í veikindatilvikum, og þá látið aðra flytja póstin fyrir sig. Þá má ráða það af gögnum málsins, einkum samningunum um pósthferðir, sem fyrir liggja í máli þessu og málsútlístan stefnanda í greinargerð, að sóknaraðiljar eru að miklu leyti sjálfráðir um, hvernig þeir haga störfum sínum við póstdreifinguna. Þegar á það er litið, sem hér hefur verið rakið, verður að líta svo á, að samningar sóknaraðilja og pósthjónnarinnar séu í eðli sínu verksamningar.

Þykir það ekki hafa áhrif á þessa niðurstöðu, þótt samið hafi verið um greiðslu orlofs af helmingi greiðslna þeirra, sem reiknaðar eru sem vikulegar greiðslur samkvæmt samningunum. Verður að telja, að pósthjórnninni sé heimilt að gera slíka samninga á grundvelli 7. gr. og 12. gr. póstlaga.

Niðurstaðan verður þá sú, að samningar eins og þeir, sem sóknaraðiljar hafa gert við pósthjórnnina um pósthferðir og fyrir liggja í máli þessu, veiti þeim ekki þá réttarstöðu, að 1. mgr. 1. gr. laga nr. 46/1973 taki til þeirra, og verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Sigurður Línal, Bjarni Sigurðsson og Hafsteinn Balalvinsson.

D ó m s o r ð :

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja f. h. Braga Guðmundssonar, Gissurar Inga Geirssonar, Guðgeirs Ólasonar, Guðmars Ragnarssonar, Kristófers Þorvarðarsonar og Magnúsar Guðmundssonar.

Málskostnaður fellur niður.
